

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 10. TBL.

23. OKTÓBER 2009

Ný skólafestna Hafnarfjarðar kynnt á mánudag

Næsta mánudag, 26. október kl. 17.15, verður ný skólafestna Hafnarfjarðar kynnt í Víðistaðaskóla. Allir eru velkomnir á kynninguna.

Skólafestna Hafnarfjarðar kom fyrst út árið 2005. Þar var sú viðmiðun skráð að hana skyldi endurskoða á þriggja ára fresti. Skólafestnan var í endurskoðunarferli allt árið 2008 í sérstökum vinnuhópi sem skipaður var ráðsfolkur úr fræðsluráði Hafnarfjarðar og starfsfólki frá Skólaskrifstofunni sem vann með þeim.

Við endurskoðunina var það meginsjónarmið viðhaft að gera ekki grundvallarþrengingar á fyrri skóla-



stefnu. Þess í stað skyldi þáverandi þlagg endurskoða og uppfært miðað við breytingar og þróun mála frá árinu 2005. Þannig heldur skólafestnan nú svipaða uppbyggingu og fyrri

skólafestna þótt einstaka nýir kaflar hafi þó bæst við og sumir eldri kaflar hafa verið endurskrifaðir. Á kynningarfundinum í Víðistaðaskóla verður gerð grein fyrir vinnuferlinu við endurskoðun skólafestnunnar og helstu breytingum sem gerðar voru á henni. Jafnframt verður fyrirspurnum svarað.

Skólafestna er ekki framkvæmdaáætlun í skólamáluum bæjarins því stofnanir fræðsluviðs, þ.e. Skólaskrifstofan og einstaka skólar á sviðinu gefa út starfsáætlanir og birta í árlegum starfskýrslum. Þar birtist útfærsla skólafestnunnar í starfsemi bæjarins.

Skólafestnunni er eingöngu dreift á rafrænu formi á vef Hafnarfjarðar.

VEFSLÓÐ: <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/skolafestnahf2009utgafa.pdf>

Smásagnasamkeppnin sett í gang

Árleg smásagnasamkeppni fyrir nemendur í 8.-10. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar er hafin. Keppnin er með svipuð sniði og áður. Á hverju ári er þó valið nýtt þema eða viðfangsefni og í ár er það EFTIRVÆNTING.

Helstu reglur keppninnar eru:

- Hver saga skal vera á bilinu 600-1000 orð.
- Skilafrestur á sögum er til 12. febrúar 2010.
- Sögu skal skila á tölvutæku formi og útprentaðri til íslenskukennara grunnskólanna á A-4 blaði, með 12 punkta Times (New) Roman letri og línubili 1,5.

Times (New) Roman letri og línubili 1,5.

Þess er vænst að kennarar geti nýtt keppnina til að styðja



Skólaþróun

við eigin kennslu og fá fjölbreyttari leiðir til að hvetja nemendur í íslenskunámi sínu. Úrslit keppninnar verða kynnt á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í mars 2010. Dreifibréf keppninnar (A-4) er fánlegt á vef Hafnarfjarðar og æskilegt er að það sé hengt upp í allar heimastofur unglunga í grunnskólunum (sjá vefslóð neðst).

Það eru fræðsluráð Hafnarfjarðar, Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar og Samtök móðurmálskennara sem standa fyrir samkeppninni.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/raedslusvid/utgefnd_efni/



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 19. október
190. fundur:

- Einar Ingi Magnússon, sálfræðingur, kynnti meistara-prófsverkefni sitt um framkvæmd árangursstjórnunar á leikskólanum Norðurbergi.
- Kynnt lokaútgáfa af skólafélagi Hafnarfjarðar árið 2009 og farið yfir framkvæmd kynningar á skólafélaginu í Víðistaðaskóla mánudaginn 26. október.
- Kynnt bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að málstefna ráðuneytisins geri kröfu til þess að allur hugbúnaður í grunnskólum skuli vera sem mest á íslensku innan þriggja ára.
- Kynnt skólalönging sveitarfélaga árið 2009 sem haldið verður þann 2. nóvember nk. og möguleikar ráðsmanna á að sækja það.



Tilkynning vikunnar

Ekkert **Skólavefrit** kemur út næsta föstudag (30. okt.). Þá stendur yfir vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar. Næsta **Skólavefrit** kemur því út að tveimur vikum liðnum.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
6. nóvember 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfnni

- » Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar verður haldin þriðjudaginn 23. mars 2010 kl. 17 í Hafnarborg.
- » Aftur er minnt á áhugaverða ráðstefnu **Samtaka áhugafólks um skólalönging** sem haldin verður föstudaginn 6. (e.h.) og laugardaginn 7. nóvember í Sjálandsskóla í Garðabæ og nefnist: *Hegðun og samskipti í skólalönging*. Sjá nánar á vef samtakanna: <http://www.skolathroun.is/>.



Í morgun var mikil hátíð í Víðistaðaskóla í tilefni þess að vinavikunni var að ljúka í skólanum. Í tilefni þess hittust nemendur á sal, skemmtu hver öðrum og hlýddu á ljóða- og sögulestur og söng. Öllum var síðan boðið upp á veitingar. Að því loknu leiddu eldri nemendur þá yngri niður á Víðistaðatún og saman mynduðu þeir hring um tjörnina og hétu vináttu.

Námskeiðahaldið næstu tvær vikur



Vefhornið

Mánudagur 26. október:

- Námskeið 102, **Framsögn og munnleg tjáning** á Skólaskrifstofunni kl. 15-16.30. Seinni tími.
- Námskeið 302, **Kennslugagnastjóri í Moodle** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Annar tími af fjórum.
- Námskeið 602, **Lesið í skóginn - hagnýt tálgun í tré** í Lækjarskóla (smíðastofa) kl. 16-19. Þriðji og síðasti tími.

Vetrarfrí er grunnskólum Hafnarfjarðar 29.-30. október

Mánudagur 2. nóvember:

- Námskeið 501, **Mannréttindi og lýðræði í skólalönging** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Fyrsti tími af þremur. Enn eru laus pláss og er tekið á móti skráningum núna.
- Námskeið 704, **PMT-grunnenntun** á Skólaskrifstofunni kl. 9-16.15.

Þriðjudagur 3. nóvember:

- Námskeið 704, **PMT-grunnenntun** á Skólaskrifstofunni kl. 9-16.15.

Fimmtudagur 5. nóvember:

- Námskeið 303, **Linux stýrikerfið til kennslu og stjórnunar** í Lækjarskóla kl. 16-19. Þriðji tími af fjórum.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/